Nr. 1113 23. nóvember 2011

# AUGLÝSING

**um starfsreglur um breytingu á starfsreglum um rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999.**

„STARFSREGLUR
um breytingu á starfsreglum um rekstrarkostnað prestsembætta
og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999.

1. gr.

1. gr. orðist svo:
Skrifstofukostnaður prestsembætta greiðist á eftirfarandi hátt:

a) Til embætta sóknarpresta og presta þar sem íbúar eru 3.500 eða fleiri, svo og til héraðspresta og sérþjónustupresta greiðist kr. 252.000 á ári.
b) Til embætta sóknarpresta og presta þar sem íbúar eru 1.500-3.500, greiðist kr. 270.000 á ári.
c) Til embætta sóknarpresta og presta þar sem íbúar eru 1.500 eða færri, greiðist kr. 294.000 á ári.

Auk þess greiðast í síma-, póst- og fatakostnað kr. 154.000 á ári.
Þessar fjárhæðir skulu sundurliðaðar og jafnað niður í mánaðarlegar greiðslur.

2. gr.

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 59. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og öðlast gildi 1. janúar 2012.

*Gjört í Reykjavík, 23. nóvember 2011.*

**Pétur Kr. Hafstein,** forseti kirkjuþings.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngjörðar almenningi.

*Reykjavík, 23. nóvember 2011.*

**Karl Sigurbjörnsson,** biskup Íslands.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. desember 2011